



Reykjavík, 27. apríl 2026
PON26040084

Borgarráð

Afgreiðslubríf: Heimild til að hefja vinnu við uppbyggingu gagnalandslags ÞON

Á fundi stafræns ráðs þann 22. apríl 2026 var lögð fram heimildarbeiðni þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 16. apríl 2026, til að hefja vinnu við uppbyggingu gagnalandslags ÞON, ásamt fylgiskjölum sbr. 9. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Lagt var til að stafrænt ráð samþykkti verkefnið og að það yrði skilgreint í fyrsta forgangi.

Tillagan var samþykkt.

Arna Ýr Sævarsdóttir og Bragi Freyr Gunnarsson tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Eva Pandora Baldursdóttir,
deildarstjóri stjórnáslu og miðlunar



Reykjavík



Reykjavík, 16. apríl 2026
PON26040084

Efni: Heimild til að hefja vinnu við uppbyggingu gagnalandslags PON

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja vinnu við uppbyggingu gagnalandslags PON og undirbúa starfsemi borgarinnar fyrir gervigreind. Gagnalandslag PON hefur það markmið að byggja upp gagnainnviði sviðsins ásamt sjálfbærri og stýrðri gervigreindargetu sem nýtist þvert á svið og styrkir rekstur borgarinnar til lengri tíma.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80019 Upplýsinga- og gagnastýring. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá maí 2026 til maí 2028 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 172 m.kr., sem tilheyra 172 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum. Af heildarkostnaði eru áætlað að 100 m.kr. verði aðkeypt sérfræðiþjónusta. Aðkeypt sérfræðiþjónusta tilheyrir verktakasamningum á vegum skrifstofu gagna og hugbúnaðarþróunar og skrifstofu upplýsingatækniþjónustu.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð

Reykjavík, (17.04.2026)

Verkefnaráðsfundur: 12.03.2026

Gagnalandslag PON

Samantekt:

Undirbúningur starfsemi borgarinnar fyrir gervigreind felur ekki eingöngu í sér kaup á nýjum tækjum heldur markvissa uppbyggingu grunninnviða, þar á meðal gagna, samþættinga, öryggis, regluvörslu og hæfni starfsfólks. Gagnalandslag PON hefur það markmið að byggja upp gagnainnviði sviðsins ásamt sjálfbærri og stýrðri gervigreindargetu sem nýtist þvert á svið og styrkir rekstur borgarinnar til lengri tíma. Áhersla er lögð á að fyrirtæki sem sinna slíkri uppbyggingu nái frekar raunverulegum ávinningi af tækninni. Jafnframt þarf að tryggja að innleiðing og undirbúningur gervigreindar sé í samræmi við Grænu skref borgarinnar, mannréttinda- og lýðræðisstefnu, sem og persónuverndarlög.

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 172 m.kr

Áætluð tímalengd verkefnis: 2 ár

Skor í Fylki frá verkefnaráði PON: 5,0

Ábati 33%: 5

Mjög mikill ábati fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar þar sem verkefnið skilar aukinni skilvirki og afkastagetu án fjölgunar starfsmanna. Ábatinn felst einnig í mikilvægi þess að fara í markvissa og ábyrgðarfulla nútímavæðingu svo að flækjustig og kostnaður muni ekki aukast og þróunargeta standi ekki í stað.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 5

Mjög mikill stuðningur við grunnrekstur og stuðlar að sjálfvirknivæðingu og gagnadrifinni ákvarðanatöku.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 5

Hefur mjög jákvæð áhrif á stóran hóp starfsmanna Reykjavíkurborgar sem og þjónustu við íbúa.

Lagalegar kröfur – Já

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1689, Lög um persónuvernd

Virðingarfyllst,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Greinargerð:

Undirbúningur starfsemi Reykjavíkurborgar fyrir gervigreind felst ekki einungis í innleiðingu nýrra tækja heldur í markvissri uppbyggingu grunninnviða. Þar skipta lykilmáli traust gagnagrunnskerfi, samþættingar, öryggi, regluvörslur og hæfni starfsfólks. Gagnalandslag PON hefur það markmið að byggja upp þessa innviði og skapa sjálfbæra og stýrða gervigreindargetu sem nýtist þvert á svið og styður við rekstur borgarinnar til lengri tíma.

Í dag er notkun gervigreindar að hluta til óstýrð og því er nauðsynlegt að koma á skýrri afmörkun og sameiginlegum reglum. Það getur skapað rekstrar- og öryggisáhættu. Gervigreind er í auknum mæli nýtt til að styðja við verk- og þróunarferla, meðal annars við að móta lausnir og verklag. Mikilvægt er að tryggja viðeigandi mannlega yfirferð svo notkunin hafi ekki óæskileg áhrif á hvernig þjónusta borgarinnar er mótuð og veitt. Nauðsynlegt er því að styrkja tæknilega innviði, skýra ábyrgð og eftirlit, flokka og vernda gögn og skapa öruggt umhverfi fyrir ábyrga notkun gervigreindar.

Með markvissri uppbyggingu innviða og þekkingar eykst geta borgarinnar til að nýta gervigreind á skilvirkan og ábyrgan hátt og ná raunverulegum ávinningi af henni. Jafnframt þarf að tryggja að innleiðing gervigreindar sé í samræmi við stefnumörkun borgarinnar, þar á meðal Grænu skrefin, mannréttinda- og lýðræðisstefnu, stjórnsýslulög og gildandi persónuverndarlöggjöf.

Í undirbúningi verkefnisins hefur verið unnin markviss vinna við að móta grunn fyrir ábyrga notkun gervigreindar hjá Reykjavíkurborg. Sett hafa verið fram tilmæli um notkun gervigreindar og kynnt fyrir starfsfólki, auk þess sem unnið er að fræðslufni um gögn, öryggisflokkun og notkun gervigreindar í daglegu starfi. Jafnframt hafa verið tekin notendaviðtöl til að greina þarfir og áskoranir, og undirbúningur er hafinn að vinnustofum með hagaðilum þar sem mótað verður verklag fyrir notkun gervigreindar á hverju sviði.

Ávinningur verkefnisins er bæði mælanlegur og ómælanlegur og kemur fram á fyrstu tveimur árum. Mælanlegur ábati felst meðal annars í aukinni skilvirkni og afkastagetu, þar sem áætlað er að framleiðni aukist um allt að 30% án fjölgunar starfsfólks. Þá er gert ráð fyrir um 200 klukkustunda árlegum tímasparnaði vegna bættrar nýtingar gagna og sjálfvirknivæðingar ferla. Verkefnið dregur úr áhættu sem fylgir röngum útfærslum og ákvörðunum, eykur öryggi í meðferð gagna og skapar traustara rekstrarumhverfi. Jafnframt stuðlar það að meiri framleiðni, samræmi í ferlum og bættri þjónustu með auknum gæðum, hraðari afhendingu og auknu rekstraröryggi.

Án markvissrar uppbyggingar og stýringar á gervigreind er hætta á að flækjustig og kostnaður aukist samhliða því að ávinningur verði takmarkaður. Slík þróun getur leitt til upplýsingaóreiðu, aukinnar tækniskuldar og minni samhæfingar í starfsemi borgarinnar. Áætlað er að heildaráhætta og óbeinn kostnaður við að bregðast ekki við geti numið allt að 250 milljónum króna á næstu tveimur árum.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 172 m.kr. og felur meðal annars í sér laun vörustjóra gervigreindar og gagnasérfræðings í tvö ár, ásamt kostnaði við gagnainnviðauppbyggingu, öryggisflokkun gagna, undirbúnings og þróunarvinnu, innleiðingar gervigreindar og eftirfylgni og öryggisráðstöfunum.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80019 Upplýsinga- og gagnastýring.



F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Inga Rós Gunnarsd.

Inga Rós Gunnarsdóttir,
skrifstofustjóri gagna og hugbúnaðarþróuna



Reykjavík



Gagnalandslag ÞON

Eigandi: Inga Rós Gunnarsdóttir -
Skrifstofustjóri gagna og hugbúnaðarpóunar

Þarfagreining

Mikil tækifæri felast í hagnýtingu gagna, sérstaklega þegar kemur að innleiðingu gervigreindar í starfsemi borgarinnar. Gervigreind nýtir gögn til að læra og leysa aðgerðir sem annars myndu krefjast inngrips manneskju. Þar sem gervigreind byggir alfarið á gögnum er mikilvægt að tryggja gæði gagnanna sem hún vinnur með, það gerum við m.a. með því að byggja upp trausta gagnainnviði, stuðla notkun að hágæða gagna fyrir greiningar og fræðslu. Gagnalandslag ÞON hefur það markmið að byggja upp gagnainnviði sviðsins ásamt sjálfbærri og stýrðri gervigreindargetu sem nýtist þvert á svið og styrkir rekstur borgarinnar til lengri tíma.

Áskorun

- Ljóst er að ef borgin fjárfestir ekki í þessum málaflokki þá líða ekki meira en 1-2 ár þar til við höfum misst tækni á gervigreind í umhverfinu okkar, upplýsingaóreiða, gagnaleki og tækniskuld mun hamla starfseminni og er áætlað að heildaráhætta og óbeinn kostnaður geti numið allt að 250 m.kr á næstu tveimur árum.

Markmið

- Markviss og traust upplýsingamiðlun
- Stafrænt aðgengi og aukið gagnalæsi
- Aukin tækifæri til nýsköpunar
- Aukið öryggi gagna
- Þróun, þjálfun og innleiðing gervigreindar
- Betri nýting á auðlindum

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Hraðari á áreiðanlegri ákvarðanataka
- Aukið öryggi og réttleiki gagna
- Aukin tækifæri í hagnýtingu gervigreindar
- Fjárhagslegt hagræði

Tímalína

01.05.2026 – 01.05.2028

Kostnaður

Heildarkostnaður 172 m. kr.
Eignasjóður 172 m. kr.



Gagnalandslag ÞON


Inga Rós Gunnarsdóttir





Í hnotskurn

- Að undirbúa starfsemi borgarinnar fyrir gervigreind snýst ekki bara um að kaupa ný tæki eða tól heldur um markvissa uppbyggingu á grunninnviðum: gögnum, samþættingum, öryggi, regluvörslu og hæfni starfsfólks. Gagnalandslag ÞON hefur það markmið að byggja upp gagnainnviði sviðsins ásamt sjálfbærri og stýrðri gervigreindargetu sem nýtist þvert á svið og styrkir rekstur borgarinnar til lengri tíma.
- Fyrirtæki sem vinna markvisst að innviða- og þekkingaruppbyggingu eru líklegri til að ná raunverulegum ávinningi af gervigreind og nýta möguleika hennar til fulls.
- Gervigreind er orkufrek svo mikilvægt er að tryggja að innleiðing hennar sé í takt við Grænu skref borgarinnar, Mannréttinda- og lýðræðisstefnu borgarinnar ásamt því að uppfylla persónuverndarlög þarf að undirbúa innleiðingu gervigreindar vel.





Ákvörðun verkefnaráðs

- Óska eftir fjármagni til að fara í nauðsynlega uppbyggingarvinnu
 - Þetta er uppbygging á gagnainnviðum sem og öruggri, stýrðri og endurnýtanlegri gervigreindargetu sem styrkir bæði innri starfsemi og þjónustu við notendur til lengri tíma.
- Óska eftir fjármögnun uppá 172 m.kr.
- Óska eftir vörustjóra gervigreindar 100% í 2 ár
- Óska eftir gagnasérfræðingi í 100% í 2 ár





Áskorun

Setja hér inn stutta lýsingu á þeirri áskorun sem verkefninu er ætlað að leysa

Núverandi staða

- Í dag **hefur gervigreind oft ótakmarkaðan** aðgang að efni í kerfum borgarinnar án skýrrar afmörkunar. Þetta skapar aukna rekstrar- og öryggisáhættu ásamt því að óskýrar reglur eru varðandi notkun gervigreindar.
- **Dæmi eru um að gervigreindinni sé gefin of frjálsar heimildir** þar sem hún er í auknum mæli notuð í verk- og þróunarferlum til að leggja til vinnulag eða tæknilega útfærslu. Séu slíkar ráðleggingar teknar upp án gagnrýnnar mannlegrar yfirferðar getur **gervigreind í raun farið að stýra hvernig borgin veitir þjónustu.**

Markmið

- **Tilmæli um notkun gervigreindar hjá Reykjavíkurborg** byggja að stórum hluta á **öryggisflokkun gagna**. En **það vantar öryggisflokkun í mörg af okkar stærstu vinnutólum** sem nú þegar hafa virka gervigreindarvirgni.
- **Útbúa og innleiða þverfaglegt verklag fyrir notkun gervigreindar** sem uppfyllir þarfir starfsemi allra sviða.
- **Styrkja tæknilega innviði og eftirlit með gervigreind** og búa til umhverfi þar sem hægt er að fullnýta möguleika gervigreindar með öruggum hætti.

Lausn

- **Setja þarf fjárfestingu í að efla gagnainnviði**; Hjá ÞON verða til mikið af mikilvægum gögnum sem geta varpað ljósi á starfsemi borgarinnar, þjónustur og notendur þeirra. Það þarf að fara í uppbyggingu á gagnalandslagi ÞON.
- **Kortleggja helstu gagnauppsprettur**, tryggja aðgengi og réttleika gagna til greininga og til notkunar í gervigreind, öryggisflokka gögn, taka á tækniskuld **ásamt fræðslu til starfsfólks og innleiðingu verklags.**



Tímalína 2026		Jan	feb	mars	apr	maí	jún	júl	ágúst	sept	okt	nóv	des
DataOps	Sundkort í síma	1.jan											
	Sameining Data-APIs og Airflow-Dags		1.feb		31.mar								
	Færsla á gagnagrunnsumhverfum												
	Gagnalandslag USK			1.mar									
	Gagnalandslag MIR									1.sept			
	Gagnalandslag FAS/MOS												
	SFS/VEL (völugögn/málaskrá)												
	ÞON API												
DataSci	Endurskrif gagnasaga						30.apr						
	Genesys			1.apr			30.jún						
	Útleiðing velferd.is					30.apr							
	Útleiðing gestafjöldi.rvk.is			1.mar			31.maí						
	Útleiðing korta						1.maí						
	Samræmd mannfjöldaspá												
	Þróá hamilton-Perry líkan												
	Þróá housing led líkan												
	Þróá Microsimulation líkan						1.maí					1.okt	
DataStew	Nýtt fjárhagskerfi												
	OCRA gögn				5.apr								
	Eignasjóður Agresso (USK og FAS)		28.feb										
	Leggja grunn fyrir USK					30.apr							
	Sæborg												
	VELSTAT og velferd.reykjavik.is												31.des
	Unique ID												
	Nýtt mannaúðs- og launakerfi		Kortlagning		30.apr								
	Nýtt leikskólakerfi												
	Nýtt viðverkerfi		Kortlagning		30.apr								
	Innleiðing MMS			Innritun	1.mar			Innleiðing					
	Auka notkun á vöruhúsi												
	Útleiðing Starfsla				Kortlagning			Útleiðing					
	IBM planning				1.mar								
	Dala.care				Partur af gæðavinnu fyrir VEL API								
	Stjórnandinn				Útleiðing starfsla og datalake hefur áhrif hér								
	Öryggisflokkun og aðgangsstýringar í gagnalandslag												
	Kill Datalake								1.maí				
	Fact töflur í SFS API og vöruhús						30.apr						
AI Gov	Fræðsla á Torgið						30.apr						
	Vinnsluskrá fyrir notkun persónuupplýsinga með gervigreind												30.jún
	Endurskoða gervigreindar tilmælin												30.jún
	Skilgreina og útfæra gagnsæismat gervigreindartóla		1.feb				30.apr						
	Stilla upp einblöðungi fyrir niðurstöðu MÁPs		1.feb				30.apr						
	Stilla upp einblöðungi fyrir niðurstöðu öryggis-/áhættumats		1.feb				30.apr						
	Fá gögn SFS/mixtúru til að samþykka Gemini		1.feb		31.mar								
	Fá gögn frá Microsoft teyminu til að samþykka Copilot		1.feb		31.mar								
	Skoða myndræna framsetningu áhættuflokkunar gervigreindar				1.mar								30.sept
	Form fyrir áhættuflokka			31.mar									
	IBM - planning										8.ágú		
	Innleiðing Local gervigreindarmóðels										8.ágú		
	Samæring ferla skilgreina útgáfufarli						15.apr						
	Nýtt vinnulag			1.mar			15.apr						

Samantí



Uppbygging gagnalandslags ÞON

Kortleggja helstu gagnauppsprettur ÞON og tryggja réttleika og aðgengi að gögnum:

- Mikilvæg rekstrargögn borgarinnar eiga uppruna sinn á Þjónustu- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar og því er brýnt að vinna með þau til að tryggja réttleika, aðgengi og skilvirka nýtingu þeirra fyrir öll svið borgarinnar.
 - Unnið er meðal annars að frekari kortlagningu þarfa sviðanna þegar kemur að aðgengi að upplýsingum sem verða til hjá þjónustu veri borgarinnar, á reykjavíkurvefnum, mínum síðum osfrv. Þessi vinna kallar á breytingar á ferlum og verklagi við skráningu upplýsinga, skilgreiningu hugtaka og samræmingu vinnubragða milli sviða og krefst náinnar samvinnu margra aðila þvert á svið.
 - Þarfir hagaðila þarf að kortleggja m.t.t. greininga á þjónustum og notendum annars vegar og tæknilegum þörfum hins vegar. Ein níg þarf að takast á við tækniskuld og útleiða gamla grunna og gömul drif.
 - Með innviðaupbyggingu er átt við allar þær stafrænu þjónustur sem eru í þróun og eða rekstri á ÞON, ásamt öllum þeim gögnum sem þar verða til og þurfa ýmist að nýtast áfram á milli kerfa, þjónustuveitenda og eða þjónustuþega ásamt innleiðingu straumlínulagaðs gagnaflutnings og uppbyggingu nýrra gagnapípa og grunna.
-
- Áætlaður kostnaður: 102 m.kr.
 - Vinna gagnasérfræðings 36 m.kr
 - Öryggisflokkun gagna og útleiðing á S-drifum 26 m.kr
 - Innviðaupbygging 40 m.kr
-
- Tímalína: 24 mánuðir



Efla gervigreindarlæsi

Framtíðarvæðing tækniúthverfis felur einnig í sér að efla gervigreindarlæsi:

- Gervigreind verður aðeins öflugt verkfæri ef fólk kann að nota hana á ábyrgan og gagnrýnninn hátt. Því þarf þjálfun í gervigreindarlæsi, með skýrum markmiðum, að vera lykilatriði í umræðu um innleiðingu og notkun hennar.
- Mikilvægt er að geta metið hvenær og hvernig gervigreind hentar og hvaða afleiðingar notkun hennar getur haft. Niðurstöður gervigreindarlíkana geta verið rangar, ónákvæmar, hlutdrægar eða villandi, jafnvel þótt þær virðist sannfærandi. Því þurfa notendur að sannreyna mikilvægar upplýsingar, sérstaklega þegar þær geta haft áhrif á nám, starf eða daglegt líf fólks.
- Einnig þarf að huga að því á hvaða gögnum niðurstöður byggja og hvort notkun gervigreindar geti brotið gegn höfundarrétti eða persónuvernd. Gagnrýnisláus notkun getur haft alvarlegar afleiðingar. Dæmi um það er þegar Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu notaði gervigreind til að „skerpa“ mynd af mönnum sem leitað var að, en niðurstaðan sýndi menn sem litu allt öðruvísi út en þeir sem raunverulega var verið að leita að. Markmiðið er þó ekki að hræðast gervigreind, heldur að skilja takmarkanir hennar og beita henni á ábyrgan hátt.
- Áætlaður kostnaður: 4 m.kr.
 - Útbúa fræðsluefni og kynningar 4 m.kr.
 - Áframhaldandi innleiðing á Tilmælum um notkun gervigreindar hjá Reykjavíkurborg
- Tímalína: 12 mánuðir



Móta gervigreindarverklag innan hvers sviðs

Þróa og innleiða verklag þegar kemur að notkun gervigreindar hjá öllum sviðum borgarinnar:

Verklag byggir á þverfaglegum grunni út frá Tilmælum um notkun gervigreindar hjá Reykjavíkurborg en er séraðlagað starfsemi hvers sviðs fyrir sig.

Án formlegs ramma fyrir notkun gervigreindar (verkferla, heimilda-, ábyrgðar- og samþykktarferla) er hætt á að fólk vinni eftir mismunandi forsendum og að öryggisreglur séu túlkaðar með breytilegum hætti. Dæmi eru um að gervigreindinni sé gefin of frjálsar heimildir þar sem gervigreind er í auknum mæli notuð í verk- og þróunarferlum til að leggja til tillögur að framkvæmd, hönnun, arkitektúr og tæknilega útfærslu. Ef slíkar ráðleggingar eru teknar upp án gagnrýnnar mannlegrar yfirferðar getur gervigreind í raun farið að stýra bæði hvernig borgin hannar og veitir þjónustu. Innleiðing AI-governance kerfis er forsenda þess að við getum fylgst með og gripið inn í þegar verið er að nýta gervigreind með óábyrgum hætti.

Áætlaður kostnaður: 61 m.kr.

- Kaup á AI-governance kerfi 15 m.kr
 - Uppsetning og Leyfakostnaður 10 m.kr
- Vörustjóri gervigreindar 36 m.kr
 - Útbúa fræðsluefni og kynningar
 - Stofnun vinnuhóps innan hvers sviðs
 - Þróa og innleiða nýtt verklag hjá hverju sviði

- Tímalína: 24 mánuðir



Byggja upp þekkingargrunn / AI Document Indexing & Searchable Knowledge

Fasi 2 – Hagnýt verkefni:

- Byggja upp aðgangsstýrða gervigreindarlausn sem umbreytir skjölum og gögnum í leitarhæfa, rekjanlega þekkingu > samþætta beint inn í okkar kerfi (Búi, Veita o.fl.).
 - Markmiðið er öruggur, heimildastuddur aðgangur að reglum og gögnum, ekki “spjallmenni”.
- Framleiðni og gæði í þróun / Engineering Productivity & Quality
 - Nýta sama grunn til að styðja þróunarteymin: kóðaaðstoð, kóðarýni, prófunartillögur, skjölun og örugg samþætting inn í CI/CD.
- Áætlaður kostnaður: 5 m.kr.
- Þróun eða kaup á gervigreindarlausn, undirbúningur þjálfunargagna og þjálfun líkans, Innleiðing líkans í kerfi + forritunarvinna 5 m.kr
- Tímalína: 12 mánuðir



Tímalína

Tímalína 2026		Kostn	mars	apr	maí	jún	júl	ágúst	sept	okt	nóv	des	jan.27	feb.27	mar.27	apr.27	maí.27		
10 mán	Uppbygging gagnalandslags ÞON	102 m.kr		15.apr			Sumarfrí											15.maí	
12 mán	Efla gervigreindarlæsi	4 m.kr	15.mar															15.mar	
24 mán	Móta gervigreindarverklag innan hvers sviðs	61 m.kr		15.apr															
12 mán	Byggja upp þekkingargrunn / AI Document Indexing & Searchable Knowledge	5 m.kr				4.maí													31.maí

Heild: 172 m.kr



Umfangsmat



- Kostnaður verkefnis er 172 mkr og tími er áætlaður 24 mán/ár

Kostnaður mannauðs

Heild: kr. 72.000.000 kr

Á fjárfestingu:

- Vörustjóri gervigreindar 1
- Gagnasérfræðingur 1

Á rekstri:

- Gervigreindarfulltrúi

Teymi samanstendur af 3 í
100% vinnu í 24 mánuði

Aðkeypt þjónusta

Heild: kr. 100.000.000 kr

Kerfi 30 m.kr.

Leyfi – fjöldi 5 m.kr.

Uppsetning

- Grunnuppsetning 5 m.kr.
- Vinna verktaka 60 m.kr

Rekstrarkostnaður

**Mánaðarlegur
rekstrarkostnaður 3 m.kr**

Fjármögnun reksturs hefur verið
staðfest og samþykkt af
eiganda verkefnis og sviðstjóra
viðkomandi sviðs.

Dags 12. Mars 2026

Sviðið gerir ráð fyrir að sækja
aukið fjármagn í ramma ef af
verkefninu verður **NEI**



Ábatamat



Ómælanlegt og mælanlegt miðað við 2 ára tímabil

Mælanlegur ábati

- 30% Aukin skilvirkni og afkastageta án fjölgunar starfsmanna.
- Tímasparnaður 200 klst á ári

Ómælanlegur ábati

- Tryggir að innleiðing gervigreindar sé í takt við grænu skref borgarinnar, Mannréttinda og lýðræðisstefnu borgarinnar og Lög um persónuvernd.
- Dregur úr kostnaði vegna rangra útfærslna og rangra ákvarðana
- Öruggara umhverfi öruggara fólk
- Meiri framleiðni og samræmi í ferlum
- Meiri gæði, afhendingarhraði og rekstraröryggi

Samantekt á heildarávinningi/niðurstaða

Án markvissrar og ábyrgðarfullrar nútímavæðingar mun flækjustig og kostnaður aukast á sama tíma og þróunargeta helst óbreytt. Þá líða ekki meira en 1-2 ár þar til við höfum misst tók á gervigreind í umhverfinu okkar, upplýsingaóreiða, gagnaleki og tækniskuld mun hamla starfseminni og er áætlað að heildaráhætta og óbeinn kostnaður geti numið:

- **Allt að 250 milljónum króna á næstu 2 árum**

Kostnaður

- 172 m.kr í þróunar og viðhaldskostnað fyrstu 2 árin greitt af fjárfestingu





Hvað er búið að gera:

- Tilmæli um notkun gervigreindar hjá Reykjavíkurborg
- 4x online kynningar á tilmælunum fyrir starfsfólk
- Undirbúningur fræðslu um gögn, öryggisflokkun gagna og gervigreind í vinnslu, mun fara inn á Torgið
- Notendaviðtöl
- Undirbúningur vinnustofu með hagaðilum ætluð til að þróa verklag um notkun gervigreindar á hverju sviði fyrir sig

Finnur 35 ára
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn

- Finnur er fjölskylduáhrifur og vaxtarstærur. Finnur er verslunsluð og mikill tæknifólkur.
- Hann hlýður flest sem hann fer og nýtur þess að eyða helgum með konunni og börnunum heimur.
- Hann fer að meðhöfð 10 sinnum á ári í fjölskyldu- og húsdýragarðinn.
- Finnur er mjög óáttur við nývaxandi fyrirkomulag - hann græðir með korti í heiti og hefur sumir myndast langar bíðkrætur í miðstöðunni.
- Myndi vilja setja samtal og grætt fyrir aðgang fyrirtækis og þá heit þetta afgreitt sig sjálfur með síma og í gegn hljóð.

Finnur er að fara með fjölskylduna í garðinn - hann vill hles vegar ganga frá kaupum fyrirfram
Setjum okkur í spæri Firms - hugsum um hvað hann þarf að gera, hvað hann hugsar og hvernig honum líkar í gegnum kaup og afgreiðslu fjölskyldu- og húsdýragarðinum

RVK-kortíð / Forgreiing

Þessi kortíð er notað til að sýna framfarir og hvernig þú getur farið með þessum fyrirkomulagum og hvernig þú getur farið með þessum fyrirkomulagum.

ATHYGLISVERÐ/UR

"Nafr verkfæri"

Viðauki I - viðtöl við



Næstu skref



- Kortlagning gagnauppspretta inni á ÞON og fundur með hagsmunaaðilum
- Viðtöl við starfsfólk
- Kortlagning núverandi þjónustu
- Greining og rýni á hvar gervigreind getur auðveldað/einfaldað starfsemi
- Ítarleg kostnaðar-, tíma- og innleiðingaráætlun
- Samningar við byrgja um innkaup og uppsetningu á hugbúnaði
- Forgangsröðun verkefna



Ákvörðun verkefnaráðs

- Úthlutun fjárfestingu af klasa 80019
- Óska eftir fjármögnun uppá 172 m.kr.
- Óska eftir vörustjóra gervigreindar 100% í 2 ár
- Óska eftir gagnasérfræðingi í 100% í 2 ár





Reykjavík